

MARKMIÐ OG HLUTVERK LÍFEYRISSJÓÐA STAÐA LÍFEYRISMÁLA

SAMANTEKT

Hér á eftir verða dregin fram ýmis helstu atriði sem til umræðu eru í þjóðfélaginu varðandi lífeyrismál. Því fer fjarri að yfirlitið sé heildstætt og taki til alls sem máli skiptir. Ég vona hins vegar að það geti orðið umræðunni til stuðnings og hjálpað til þess að draga hana upp úr því fari vanþekkingar og fordóma sem einkennandi hafa verið að undanfögnu.

Efnislega er meginniðurstaða mín sú að öll meginrök hnígi að því að núverandi lífeyrissjóðakerfi verði ekki raskað. Lífeyriskerfið er afrakstur annars vegar kjarasamninga verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda og hins vegar samningsaðila og ríkisvaldsins. Lífeyrissjóðakerfið verður að skoðast annars vegar sem hluti af samtryggingarkerfi þjóðfélagsins og hins vegar sem hluti réttindakerfis launafólks. Réttindakerfið virðist í sæmilegu samræmi við almennan vilja enda sýnist það fullnægja lágmarks tryggingaþörfinni nokkuð vel. Fortíðarvandi lífeyrissjóðanna virðist hvað almennan vinnumarkað snertir vera að mestu úr sögunni en mikil vandamál blasa við á vettvangi hins opinbera. Stjórnkerfi sjóðanna virðist hafa reynst þess umkomið að takast á við þau vandamál sem upp hafa komið. Erfitt er því að sjá að knýjandi nauðsyn beri til þess að þar verði breyting á. Frjálst val einstaklinga á lífeyrissjóðsaðild er ýmsum tormerkjum háð og hætt við að hún mundi bæði auka kostnað og hindra að einstaklingarnir fái notið þeirra lífeyrisréttinda sem þeir helst kjósa. Rökrétt virðist hins vegar að samið verði um viðbótariðgjöld sem nýtt yrðu til að koma til móts við sérþarfir hvers og eins.

ALMENNIR SAMNINGAR UM LÍFEYRISSJÓÐI

Árið 1969 voru starfandi lífeyrissjóðir á vettvangi opinberra starfsmanna, bankamanna og innan ASÍ á vettvangi verslunarmanna, sjómanna og fárra annarra stétta, auk þess sem starfandi voru fyrirtækjasjóðir sem aðallega tóku til fastráðinna starfsmanna viðkomandi fyrirtækja. Lífeyrissjóðir voru aðeins lögboðnir hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum sem hluti laga um kjör þeirra.

Staða almennra lífeyrisþega árið 1969

Almennt bjuggu lífeyrisþegar úr hópi almenns launafólks þannig eingöngu við greiðslur almannatrygginga. Á árinu 1969 voru mánaðargreiðslur almannatrygginga til ellilífeyrisþega kr 36. Á sama tíma var meðalmánaðarkaup fullvinnandi verkamanna að

yfirvinnu meðtalinni samkvæmt úrtaki Kjararannsóknarnefndar kr 214. Meðaldagvinnulaun voru samkvæmt sömu heimild kr 146. Ellilífeyrir almannatrygginga var þannig um 17% af meðalmánaðartekjum verkamanna og 25% af dagvinnulaunum.

Það var fullkomlega útilokað að sjá sér farþórða af ellilífeyrinum einum saman. Við þessar aðstæður var innan verkalýðssamtakanna tekin ákvörðun um að gera heildarsamning um greiðslur í lífeyrissjóði til að tryggja stöðu ellilífeyrisþega í framtíðinni. Með samningunum 19. maí 1969 var gert samkomulag um að frá 1. janúar 1970 skyldu starfræktir lífeyrissjóðir á félagsgrundvelli með skylduaðild og að aðildarskyldan næði einnig til þeirra lífeyrissjóða stéttarfélaganna sem starfræktir voru fyrir undirskrift samningsins. Jafnframt var samið við ríkisvaldið um löggjöf sem tryggði lágmarksrétt, öllum félögum stéttarfélaganna, sem á undangengnum árum höfðu verið tiltekinn tíma á vinnumarkaði og voru komin á þann aldur að möguleikar til að ávinna sér lífeyrisrétt voru takmarkaðir. Lágmarksgreiðslan hefði árið 1969 numið kr 32 á mánuði og því nærri tvöfaldað tekjur þeirra sem einungis nutu ellilífeyris almannatrygginga en hefðu með lögunum fengið þessa greiðslu

Með samningunum 1969 voru samningsaðilar að byggja við almannatryggingakerfið. Lífeyrissjóðirnir voru þannig frá upphafi hluti af eða tilbót við hið opinbera lífeyriskerfi. Með lögum 1974 varð tryggt að skylduaðildin næði til allra launþega og til allra starfandi manna, einnig sjálfstætt starfandi, með lögum árið 1980.

Það hefur frá upphafi, jafnt af samningsaðilum sem stjórnvöldum, verið litið á lífeyrissjóðina sem hluta af heild. Það er ekki aðeins að samið hafi verið um þátttöku hins opinbera í greiðslum til þeirra sem ekki náðu að ávinna sér rétt. Verkalýðshreyfingin hefur jafnaðarlega samið við ríkisvaldið um almannatryggingakerfið sjálft, bæði grunnlífeyrinn og tekjutrygginguna sem tekin var upp árið 1971.

Staða almennra lífeyrisþega árið 1994

Ef við lítum á afrakstur þessarar samninga í heild eins og hann blasir við nú í upphafi árs 1994 má lesa hann af töflu á næstu síðu. Grunnlífeyrir einstaklings er kr 12.329. Tekjutrygging einstaklings er kr 22.684 eða samtals kr 35.013. Þá bætast við kr 14.357 hjá þeim sem fá greitt samkvæmt áðurnefndum samningum við ríkisvaldið 1969 með síðari breytingum miðað við að þeir hafi á sínum tíma verið í fullu starfi. Eða við bætist greiðsla úr lífeyrissjóði sem hjá fullvinnandi verkamanni, sem nú er að fara á lífeyri, gæti verið 30-35 þús.kr. Heildartekjur lífeyrisþegans samkvæmt þessu yrðu þá kr 49.370 í fyrra tilvikinu og 63-66 þús.kr í því síðara ef tekið er tillit til skerðingar tekjutryggingar samkvæmt núverandi kerfi. Heildarmánaðarkaup verkamanns í upphafi ársins 1994 má áætla kr.107.147. Tekjur lífeyrisþegans eru samkvæmt þessu 46% eða 59-62% af mánaðartekjum fullvinnandi verkamanns. Þá er heimilisuppbót sem greiðist þeim sem búa einir á eigin vegum ekki talin með. Hún er kr 10.024 þannig að tölurnar hækka í kr 59.394 og 73-75 þús.kr eða 55% og 68-70% af mánaðarkaupi. Skatturinn dregur óhjákvæmilega nokkuð úr muninum þannig að reikna má með því að verkamaður sem núna fer á lífeyri fái 77-79% af ráðstöfunartekjum fullvinnandi manns búi hann einn á eigin vegum.

Aldrað fólk nýtur fjárhagslegs sjálfstæðis í fyrsta sinn í sögunni

Umskiptin eru þannig gífurleg og hafa í raun leitt til þess að í fyrsta sinn í Íslandssögunni nýtur aldrað fólk almennt fjárhagslegs sjálfstæðis. Á sama hátt erum við sem nú erum á miðjum aldri fyrsta kynslóðin sem almennt þarf ekki að hafa áhyggjur af framfærslu foreldra sinna.

Tekjur og lífeyrir verkamanns			
	1969	1994	2035
Heildartekjur á mánuði	214	107.147	107.147
Dagvinnulaun	146	75.173	75.173
Grunnlífeyrir almannaþr.	36	12.329	12.329
Full tekjutrygging	0	22.684	22.684
Lífeyrissjóður	0	30-35 þús.	72 þús.
Skerðing tekjutryggingar	0	-2-4 þús.	-21 þús.
Heimilisuppbót	0	10 þús.	10 þús.
Skerðing heimilisuppbótar	0	-	9 þús.
Tekjur lífeyrisþega	36	73-75 þús.	87 þús.
Lífeyrisþegi/fullvinnandi	17%	68-70%	81%
Heildaratvinnut. e. skatt	?	86 þús.	86 þús.
Lífeyrisþegi e. skatt	?	66-67 þús.	75 þús.
Lífeyrisþ./fullvinnandi	?	77-79%	87%

Staða almennra lífeyrisþega í framtíðinni

Enn hafa lífeyrisþegar þeirra sjóða sem samið var um 1969 mest greitt iðgjald til lífeyrissjóðs í 24 ár. Þrjú fyrstu árin var ekki greitt að fullu og fram til ársins 1990 var almennt aðeins greitt af dagvinnu. Enn eru áhrif sammingsins því aðeins að takmörkuðu leyti komin fram. Það má segja að sá árangur náist fyrst árið 2035. Þá fyrst hafa greiðslur iðgjalds af öllum launum staðið í 45 ár. Miðað við óbreyttar meðaltekjur verkamanns að raunvirði og fullt starf allan tímann yrði ellilífeyrir hans úr lífeyrissjóði 67,5% mánaðartekna árið 2035 eða rúmlega 72 þús.kr á mánuði. Þá er miðað við þá reglu að 1,8% reiknist vegna bestu 30 áranna og 0,9% þau ár sem umfram eru en nokkrir sjóðir hafa nú þegar rýmkað þá reglu og fleiri eru með það til skoðunar. Eftir 50 ára starf árið 2040 væri hlutfallið 72% eða rúmlega 77 þús.kr á mánuði. Við það mundi bætast grunnellilífeyrir almannaþrygginga kr 12.329 miðað að hann haldist óbreyttur frá því sem nú er. Þannig yrðu tekjurnar tæplega 85 þús.kr á

mánuði eða 79% mánaðartekna fullvinnandi verkamanns eftir 45 ára starf og nærri 90 þús.kr eða 84% eftir 50 ára starf. Þá er eftir að taka tillit til tekjutryggingar sem í dag er óskert kr 22.684 en mundi við óbreyttar skerðingarreglur skerðast um rúmlega 20 þús.kr og því mundu aðeins rúmlega 2 þús.kr koma til greiðslu eftir 45 ára starf. Engin tekjutrygging fengist eftir 50 ára starf. Miðað við það yrði lífeyririnn tæplega 87 þús.kr á mánuði eða 81% mánaðartekna verkamanns eftir 45 ára starf. Fengi lífeyrisþeginn hins vegar að halda helmingi tekjutryggingarinnar yrðu tekjur hans aftur á móti um 96 þús.kr á mánuði eða 90% mánaðartekna verkamanns eftir 45 ára starf og nokkru hærri eftir 50 ára starf.

Lífeyrissjóðirnir eru hluti af heild/lífeyrisréttinn má enn bæta

Af framangreindum tölum má draga tvær augljósar ályktanir. Í fyrsta lagi verða lífeyrissjóðirnir ekki skoðaðir af neinu viti einir og sér. Lífeyrissjóðakerfið hefur frá upphafi verið hluti af félagskerfi samfélagsins eins og það birtist í almannatryggingakerfinu. Í öðru lagi virðist lífeyriskerfið þegar ávinnsla er orðinn í samræmi við núverandi reglur gefa ásættanlegt, jafnvel viðunandi, hlutfall tekna þegar tillit er tekið til þess að ellilífeyrisþegar standa sjaldan í stórfjórðingum eða útgjöldum vegna barna. Óskín um að hafa rúm fjárráð í ellinni kann engu að síður að knýja marga til viðbótarsparnaðar.

HVAÐ TRYGGJA LÍFEYRISSJÓÐIRNIR?

Lífeyrissjóðirnir tryggja ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Þótt hér verði ekki nánar farið út í einstaka þætti dreg ég þá ályktun af tölunum hér að framan að núverandi kerfi tryggi ásættanlegan lágmarksrétt og að ekki séu rök til þess að skerða kerfið frá því sem nú er. Allir þættir þess séu nauðsynlegir að lágmarki eins og þeir eru. Í þessu efni er erfitt að setja sér endanleg viðmið. Reglurnar hljóta alltaf að vera til endurskoðunar. Þannig hafa margir lífeyrissjóðir að undanfögnu skert maka og örorkubætur nokkuð til þess að ná samræmi á milli iðgjalda og réttinda en nokkrir aukið rétt og þannig nýtt sér metið umfram svigrúm.

Kostnaður við einstaka bótaflokka

Samkvæmt upplýsingum Sambands almennra lífeyrissjóða má áætla kostnaðarskiptingu sjóðanna innan Sambandsins eftirfarandi ef við yfirfærum hana í hlutfall af lífeyrissjóðsiðgjaldinu.

Skipting lífeyrisiðgjalds á bótaflokka og kostnað

Ellilífeyrir	6,0%
Makalífeyrir	2,3%
Örorkulífeyrir	1,2%
Barnalífeyrir	0,1%
Kostnaður	0,4%
Samtals	10,0%

Kostnaðurinn við einstaka þætti er hér metin eftir nýgerðar breytingar á reglugerðum sjóðanna en með þeim var nokkuð dregið úr rétti til makalífeyris og örorkulífeyris. Rétt er að taka fram að nokkur munur getur verið á reglugerðum ASÍ sjóðanna þó ekki sé hann stórvægilegur nema hvað snertir Lífeyrissjóð sjómanna.

Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, 80% umfram

Hér verður ekki gerð grein fyrir reglum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna eða bankamanna en það má minna á að sá réttur sem sjóðir opinberra starfsmanna tryggja sjóðfélögum er talinn um 80% kostnaðarmeiri en sá réttur sem fólk nýtur í lífeyrissjóðum ASÍ félaganna.

Almennu lífeyrissjóðirnir þurfa 3,5% raunvexti

Það er rétt að taka fram að eftir síðustu breytingar á reglugerðum Sal-sjóðanna má ætla að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar ef raunvextir haldast 3,5% eða 4% ef gert er ráð fyrir því að ævilíkur aukist enn nokkuð frá því sem nú er.

Viðbótarsamningar

Þótt ég telji ekki knýjandi þörf á almennum úrbótum á rétti, miðað við núgildandi reglur sjóðanna munu ýmsir án efa vilja tryggja rétt sinn betur í einstökum atriðum. Skyld er þó að taka fram að í umræðum innan ASÍ hefur ekki verið vilji til þess að taka til umræðu að hækka iðgjald í það horf að hægt verði að veita sjóðfélögum sama rétt og opinberir starfsmenn njóta. Oft hefur hins vegar verið rætt um að æskilegt sé að auka réttindin og ég tel því líklegt að í framtíðinni muni verða komið til móts við almenna ósk um betri tryggingar og þær verði þá sniðnar að þörfum hvers og eins. Lágmarksréttindanna verði þá aflað með 10% iðgjaldi til lífeyrissjóðs og viðbótarréttar með viðbótariðgjaldi sem nýtt verði samkvæmt ákvörðun hvers og eins. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er algengt að lífeyrisiðgjald sé á bilinu 12-14%. Með 2% viðbótariðgjaldi mætti t.d. miðað við reikniforsendurnar hér að framan auka ellilífeyrisrétt einstaklings um einn þriðja.

Sveigjanlegur umframréttur

Þar sem fortíðarvandinn er að mestu frá eins og nánar verður vikið að síðar, mun öll aukning á lífeyrisiðgjaldi víðast geta nýst til að auka réttinn. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa raunar þegar í ljósi góðrar stöðu rýmkað reglur sínar. Það má hins vegar aldrei gleymast að markmið sjóðanna er að tryggja fólki rétt. Sveigjanleiki má þannig aldrei koma niður á lágmarksréttinum. Því tel ég eðlilegt að hugsanlegur valmöguleiki einstaklinganna afmarkist við rétt umfram lágmarksrétt. Lágmarksrétturinn sem slíkur hlýtur þó áfram eins og hingað til að vera eitthvað sveigjanlegur út frá stöðu sjóðanna og vilja þeirra sem að viðkomandi sjóði standa.

FRJÁLST VAL UM AÐILD AÐ LÍFEYRISSJÓÐI

Lífeyrisparnaður er á kostnað ráðstöfunar í dag

Lífeyriskerfið varð ekki til af sjálfu sér. Eins og fram kemur hér að framan er það afrakstur annars vegar kjarasamninga verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda og hins vegar samninga verkalýðshreyfingarinnarog ríkisvaldsins. Við samningana hverju sinni hefur öllum aðilum málsins verið ljóst að iðgjöld og útgjöld vegna lífeyris hefði eins mátt nýta til þess að auka ráðstöfunarfé vinnandi fólks á hverjum tíma. Þeir samningar hafa því óhjákvæmilega verið viðkvæmir og erfiðir.

Þegar brauðið er bakað vilja margir hjálpa litlu gulu hænunni að borða það

Eins og að framan er rakið og síðar verður sýnt fram á í umfjöllun um vanda sjóðanna hér á eftir hefur nú náðst sá árangur að lífeyrissjóðirnir standa traustum fótum og lífeyriskerfið í heild veitir nú þegar ásættanlegan lífeyrir og stefnir í að veita að mínu mati viðunandi lífeyri, þó alltaf megi gera betur. Það skyldi því engan undra að nú komi fram á sjónarsviðið ýmsir sem ásælast að taka málið til sín. Nú get ég, sagði kerlingin í þjóðsögunni. Nú vil ég, sögðu hin dýrin, þegar að því kom að borða brauðið, þau sömu og ekkert höfðu viljað á sig leggja á meðan litla gula hænna sáði, uppskar, malaði og bakaði brauðið.

Það er eðlilegt að fjármálastofnanir vilji treysta stöðu sína til þess að ráðstafa fjármunum og tryggingafélög sitja sem mest að tryggingum. Í ljósi vaxandi áherslu á markaðsfrelsi er það einnig eðlilegt að þau sjónarmið komi fram að núverandi skylduaðild að lífeyrissjóðum eigi að víkja. Áður en kerfinu er rutt til þess að koma til móts við þessi sjónarmið er hins vegar óhjákvæmilegt að yfirfara rökin, ekki aðeins söguna um tilurð kerfisins, heldur einnig hvaða áhrif það hefði á stöðu einstaklinganna í dag ef kerfið yrði látið víkja.

Hagsmunir einstaklinganna/er félagsleg samhjálp synd?

Talsmenn þess að einstaklingarnir fái frjálst að velja sér lífeyrissjóð og lífeyriskerfi að eigin vali hafa ekki í mín eyru gert miklar tilraunir til þess að rökstyðja sitt sjónarmið með hagsmunum tryggjenda að öðru leyti en því að ósanngjarnt sé að einn sé dæmdur til að greiða fyrir annan eins og í nokkrum mæli gerist í núverandi kerfi. Félagsleg samhjálp er einfaldlega dæmd röng samskiptaregla í samfélaginu, nema ef til vill undir hatti ríkisvaldsins. Félagsleg samhjálp í samningum er ekki einungis talin röng aðgerð í kjarasamningum heldur beinlínis bönnuð samkvæmt bæði mannréttindasáttmála Evrópu og samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Félagsleg samhjálp er jafnvel brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ég hætti fyrir ári síðan að hafa það að atvinnu að rífast við menn. Ég ætla því ekki að eyða tíma mínum í stagl um trúfræði af þessu tagi. Það er aldrei gaman að þrasa og það má heita vonlaus iðja þegar þeir sem maður talar við eru það forskrúfaðir í farvegi sínum að öll rökin keyra í hring. Það er sjaldan til gagns að rökkræða trúfræði við sértrúarhópa sem einir vita og einir skilja hið sanna. Ég vona því að það verði virt mér til vorkunar að ég hafi ekki enst til þess að leita að sameiginlegum fleti með þeim sem stýrðu lífeyrissjóðsnefnd Verslunarráðsins að fyrirfram gefinni niðurstöðu. Ég vil hins vegar taka fram að ég fann allt annan tón þegar ég var beðinn að mæta á fund stjórnar Verslunarráðsins um málið. Þar mætti ég opnum huga og vilja til fordómalausra umræðna um málið. Þess vegna taldi ég mér skylt að gera skriflega grein fyrir afstöðu minni og mæta hér í dag.

Lögmæti lífeyriskerfisins

Ég ætla ekki í lögfræðilegar þrætur. Varðandi lögmæti lífeyriskerfisins vil ég láta nægja að vísa til greinargerðar Lögfræðistofnunar Háskólans þar sem prófessorarnir Markús Sigurbjörnsson og Þorgeir Örlygsson komast að þeirri afdráttarlausu niðurstöðu að "Ef dregnar eru saman í stuttu máli niðurstöður okkar samkvæmt framansögðu, er það álit okkar, að ákvæði laga nr. 55/1980, sem skylda menn til aðildar að tilteknum lífeyrissjóðum, stangist hvorki á við grundvallarreglur íslensks réttar um félagafrelsi né friðhelgi eignarréttarins. Breytir engu í þeim efnum að okkar mati, þótt þær reglur séu skýrðar af sérstöku tilliti til ákvæða

Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis og viðauka við þann samning, enda er það skoðun okkar, að íslensk lög virði að þessu leyti þau réttinda, sem ríkið hefur skuldbundið sig til að tryggja þegnum sínum með aðild að samningnum." Þetta er bein tilvitnun í greinargerð þeirra sem dagsett er fyrir rúmu ári. Þ.e. 5. janúar 1993. Fyrir þá sem vilja kynna sér málið er rétt að taka fram að greinargerðin er einföld og skiljanleg, þannig að innihaldið ætti ekki að vefjast fyrir neinum.

Væri skynsamlegt að gefa lífeyrisaðild frjálssa?

Það eru rök að alltaf sé æskilegt að einstaklingurinn geti valið það sem hann vill án afskipta annarra. Það geta líka verið rök að samkeppni muni lækka kostnað og auka ávöxtun. Stóra spurningin er hins vegar hvort þau rök standast í þessu samhengi.

Kostnaður

Á Íslandi er kostnaður líftryggingafélaga marktækt hærri en lífeyrissjóða, raunar 5-10 sinnum hærri. Erlendar tölur benda til hins sama. Ekki er hægt af fyrirliggjandi gögnum að draga ótvíræðar ályktanir um mun á almennu lífeyrissjóðunum og þeim séreignarsjóðum sem verðbréfafyrirtækin reka. Eina ályktunin sem auðvelt virðist að draga með góðri samvisku er að stóru lífeyrissjóðirnir séu vel reknir og hagkvæmir. Ýmsir litlir lífeyrissjóðir hafa hins vegar reynst dýrir í rekstri.

Kostnaður fer lækkandi

Einmitt um þessar mundir eru nokkrir sjóðir að renna saman til að ná aukinni hagkvæmni og aðrir leita samstarfs og þjónustu hjá öðrum lífeyrissjóðum eða þjónustuaðilum. Það blasir því við að rekstrarkostnaður fer lækkandi. Ég tel líklegt að innan skamms verði allir þeir lífeyrissjóðir með nú eru með kostnað yfir sem svarar 0,4% iðgjalds komnir undir þá tölu annað hvort með hagræðingu í eigin rekstri, sameiningu við aðra sjóði eða með því að leita til annarra með þjónustu.

Samkeppni mun ekki lækka kostnað

Það hafa reyndar engar vísbendingar verið dregnar fram sem bent gætu til þess að frjáls samkeppni mundi lækka kostnað. Einföld fullyrðing um að samkeppni mundi fækka sjóðum er öldungis órökstudd. Frekar sýnist líklegt að þeim mundi alla vega í fyrstu fjölga þegar öll tryggingafélög, bankar og sparisjóðir reyndu sig í frelsinu. Á þessu sviði bendir margt til þess að fjölbreytni og samkeppni muni frekar auka kostnað. Kynningarstarf er dýrt og það yrði hart slegist um viðskiptin. Það virðist því rökrétt ályktun að kostnaður mundi aukast við opna samkeppni ekki aðeins til skamms tíma heldur einnig til lengri tíma.

Ávöxtun lífeyrissjóðanna hefur almennt verið mjög góð á síðustu árum. Það á bæði við um almennu sjóðina og séreignarsjóði í rekstri verðbréfafyrirtækja. Frá einu ári til annars kann að vera munur sitt til hvorrar áttar en erfitt er að draga ályktun yfirburði. Fullyrðing um að samkeppni muni hækka ávöxtun styðst því ekki við talnagrunn. Tölur sýna hins vegar að þeir sjóðir sem eru með ábyrgð ríkis, bæja og banka eru með mun lægri ávöxtun. Þar skiptir ávöxtun ekki máli fyrir sjóðfélaganna.

Það yrði erfitt að ná yfirsýn

Viðskiptavinirnir ættu í harðri samkeppni án efa í miklum erfiðleikum með að ná yfirsýn, en eins og kunnugt er er gagnsær markaður ein meginforsenda fullkomins markaðar. Það er erfitt jafnvel fyrir sérfræðinga að ná sæmilegri yfirsýn yfir stöðu og möguleika einstakra lífeyrissjóða vegna þess hve margar forsendur þarf að skoða og hve margar þeirra eru óvissar. Þar er ekki aðeins um að ræða mat á líklegri ávöxtun fram í tímann eða líklegum rekstrarkostnaði heldur mat á líklegri kynjasamsetningu, aldurssamsetningu, ævilíkum og örorkuáhættu. Því fer fjarri að þær tryggingafræðilegu úttektir sem gerðar eru í dag taki á öllum þessum þáttum. Jafnvel þó stefnt væri að fullkomnu tryggingafræðilegu samhengi á milli iðgjalda og einstakra réttindaliða er málið ákaflega flókið. Val einstaklingsins yrði óhjákvæmilega nokkuð handahófskennt og það er hætt við að hann yrði leiksoppur auglýsingaskrums.

Yrðu sumir útundan

Í lífeyrissjóðakerfinu standa menn frammi fyrir töluverðum innheimtuerfiðleikum jafnvel þótt yfirleitt sé ljóst hvert skuli greiða iðgjöldin. Í valfrelsi er innheimtan mun snúnari og mun meiri hætta á því að ýmsir verði útundan. Þar er hættan mest með vanskilafyrirtæki sem allir innheimtuaðilar eiga í erfiðleikum með. Valfrelsi hlyti óhjákvæmilega að vera til beggja átta. Auk þess sem lífeyrissjóður eða tryggingafélag hlytu að áskilja sér rétt til þess að hafna þeim aðilum sem ekki uppfylltu viðmiðunarforsendur mundu þessir aðilar væntanlega hafna því að axla ábyrgð á innheimtu gagnvart vanskilaaðilum. Stórir hópar gætu þannig dottið upp á milli.

Ávöxtun síðustu sex mánuði

Kannski yrði niðurstaðan sú að hann liti einfaldlega framhjá allri flækjunni og fylgdi fordæmi þeirra sem í dag velja verðbréfasjóð út frá tölum um ávöxtun síðustu sex mánuði. Það virðist raunar að stór hluti þeirra sem lætur í sér heyra um mikilvægi frelsisins í lífeyriskerfinu séu einmitt á því stigi.

Lýðræði í lífeyrissjóðakerfinu

Lífeyrissjóðirnir eru flestir, ef ekki allir, með samsettri stjórn með jöfnum fjölda fulltrúa atvinnurekenda, á almennum vinnumarkaði allmennt skipaðir af VSI, og stéttarfélaganna, almennt skipaðir af viðkomandi stéttarfélagum. Sæmileg sátt hefur verið um þetta stjórnarfyrikomulag þótt verkalýðshreyfingin hafi ítrekað sett fram kröfur um að stéttarfélagin ráði stjórnnum lífeyrissjóðanna ein án afskipta atvinnurekenda og fulltrúar atvinnurekenda víki úr stjórnunum, með tilvísun til þess að sjóðfélagarnir eru nánast einhlítt félagsmenn viðkomandi félaga og lífeyrisiðgjaldið óumdeilt hluti af kjörum launamannsins jafnt beint framlag hans sjálfs sem framlag atvinnurekanda. Samstarfið í stjórnnum sjóðanna hefur eytt tortryggni milli aðila en af atvinnurekendum var stjórnaraðild, alla vega í upphafi, talin mikilvæg til þess að tryggja góðan rekstur og fylgjast með því að fjármunir gengju ekki til óskyldra verkefna, svo sem reksturs viðkomandi stéttarfélags. Innan verkalýðsfélaganna er fjallað um málefni viðkomandi lífeyrissjóðs á félagsfundum og í stjórnnum félaganna og síðan almennt á sérstökum ársfundum. Málefni sjóðanna eru þannig í viðtækri umræðu innan félaganna og félagsmönnum gefast ríkuleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Lífeyrisrétturinn er hluti heildarkjara

Þar sem lífeyrisrétturinn er ósundurgreinanlegur hluti heildarkjara viðkomandi einstaklings er nánast óhjákvæmilegt að stjórnkerfi sjóðanna sé hluti af stjórnkerfi viðkomandi stéttarféлага og þá samtaka atvinnurekenda. Lífeyrisiðgjaldið hefðu menn á sínum tíma getað tekið út í hærra kaupi, auknum veikindarétti eða lengra orlofi og slík tilfærsla í kjörum getur alltaf verið til umræðu. Sérhópur í umfjöllun um lífeyrismálin ein væri þannig úr samhengi við efni málsins. Það væri engan veginn aukið lýðræði að slíta umfjöllun um lífeyrismál úr samhengi við aðra þætti kjarasamninga.

Sumir telja það eitt lýðræði að þeir sjálfir ráði

Það vekur raunar óhjákvæmilega athygli að sérstaklega skuli farið fram með kröfur um aukið lýðræði fyrir eigendur fjármagns á því eina sviði fjármagnsmarkaðarins þar sem um íhlutunarrétt eigendanna er að ræða. Á eina sviðinu þar sem eigendur, þ.e. sjóðfélagar, eiga trausta aðstöðu til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Eflaust má tilfæra rök fyrir því að eigendur fjármagns fái almennt betri aðstöðu en nú til þess að fylgjast með og hafa áhrif á ráðstöfun fjármagnsins. Það má hugsa sér að eigendur innistæðna í bönkum hefðu íhlutunaraðstöðu um útlán bankanna og tryggingartakar um ráðstöfun þeirra sjóða sem þar safnast upp. Sumir hafa talið að slík rök kölluðu á fulltrúa almannavaldsins í stjórnir þeirra stofnana. Ég set spurningamerki við þau sjónarmið en ætla ekki í frekari rökraður þar um. Það vekur hins vegar trúlega nokkra umhugsun að kröfurnar um breytingar á stjórnarfyrikomulagi lífeyrissjóðanna virðast helst fram settar af fulltrúum fjármálastofnana og tryggingafélaga, sem þegar grannt er skoðað, sýnast helst láta sér dreyma um að fá sem ótruflaðastan ráðstöfunarrétt á fjármunum sjóðanna. Sumir virðast þeirrar skoðunar að lýðræði sé skilgreint með því einu hvort þeir eða aðrir ráða.

Það er einnig rétt að vekja athygli á því að stjórnkerfi sjóðanna hefur reynst traust til að taka á þeim fjárhagsvanda sem upp kom vegna ófullnægjandi ávöxtunar og af ýmsum ástæðum öðrum í upphafi starfs þeirra. Þó svo ríkisvaldið hafi ekki reynst þess megnugt að koma til móts við óskir samningsaðila um að samræmdar kröfur verði með lögum gerðar til rekstrar og réttindakerfis lífeyrissjóðanna hefur lífeyrissjóðakerfið af eigin rammleik náð að mestu að rétta stöðu sjóðanna þannig að þeir geta í dag flestir á almenna vinnumarkaðinum sagt með sóma að þeir geti að fullu staðið við skuldbindingar sínar.

Með hliðsjón af öllu þessu tel ég ótvírætt að skynsamlegast sé að aðstandendum sjóðanna verði eftirlátið að ráða stjórnkerfi sínu án afskipta.

Hlutafjárkaup og stjórnaraðild lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðirnir eiga í dag væntanlega eitthvað á þriðja milljarð króna í hlutabréfum. Ég hef áður látið í ljósi þá skoðun að það sé mikil nauðsyn fyrir íslenskt atvinnulíf að lífeyrissjóðirnir festi 15-20 milljarða króna í hlutabréfum fram að aldamótum. Miðað við stærð þeirra á fjármagnsmarkaði tel ég ólíklegt að atvinnulífið nái viðunandi eiginfjárlutfalli án þess að það gerist. Þar sem áætlað er að heildareign þeirra verði þá um 400 milljarðar króna er raunhæft að álykta sem svo að þetta geti gengið eftir. Það skiptir hins vegar miklu að hlutafjárkaupin geti orðið á eðlilegum viðskiptalegum forsendum og ekki komi til óeðlilegur þrýstingur stjórnámálanna eða annarra.

Svartir og hvítir

Fyrir lífeyrissjóðina skiptir miklu að vel sé vandað til ákvarðana og kaupum hlutabréfa fylgt eftir með tryggilegum hætti eftir því sem við á. Í ýmsum tilvikum mun það án efa kalla á fulltrúa af þeim hálfu í stjórnir viðkomandi fyrirtækja. Það á reyndar við nú þegar. Það vekur athygli að einstakir fulltrúar atvinnurekenda hafa nokkuð á orði í þessu sambandi að nauðsynlegt sé að setja sérstakar hæfisreglur gagnvart stjórnarfulltrúum lífeyrissjóðanna. Ég tek eindregið undir það að það er mikilvægt að tryggja sjóðunum góða fulltrúa í stjórnnum fyrirtækja. Það minnir mig hins vegar óhjákvæmilega á hinar frægu kjörgengisreglur suðurríkjana í USA þar sem svartir en ekki hvítir urðu að sanna lestrarhæfi sitt og lágmarks þekkingu. Hingað til hafa lífeyrissjóðirnir farið vel með áhrif sín í þessu efni, eflaust valið fulltrúa sína betur en margir aðilar aðrir. Því er varla tilefni til sérstakra aðgerða í þessu efni af stjórnvalda hálfu. Lífeyrissjóðunum er vel treystandi til þess að halda sínum eigin reglum þannig að þær séu fullnægjandi.

Frjálst val og staða einstaklingsins

Samkvæmt könnunum er yfirgnæfandi hluti Íslendinga þeirrar skoðunar að það sé rétt að þegnarnir standi saman um að tryggja félagslegt öryggi allra í þjóðfélaginu. Í skoðanakönnunum kemur fram sterkur vilji til samhjálpar og til að leggja fram það sem þarf til þess að tryggja þá hópa sem veikastir eru. Það er því í mínum huga ekkert vafamál að það er almennur vilji fólks að deila með sér kjörum á þann hátt sem nú gerist í lífeyriskerfinu.

Félagsleg samhjálp eða frjáls framlög

Það þekkjá hins vegar allir að þó við séum mjög áhugasöm um að verkefni hljóti framgang og séum hvert fyrir sig reiðubúin til þess að leggja mikið á okkur til þess að svo geti orðið þá er viljinn æði oft háður því að það sé tryggt að aðrir taki þátt í verkefninu með okkur. Þótt allir væru sammála um að rétt sé að deila kostnaði við barnalífeyrir er ólíklegt að fjármunir fengjust með frjálsum framlögum.

Frjálst val á lífeyrissjóði þýðir að frjálst val á lífeyriskerfi er úr sögunni

Af þessu leiðir að þó einhugur ríki um réttmæti núverandi lífeyriskerfis mundu frávik þess frá réttum tryggingafræðilegum viðmiðunum, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér síðar, leiða til þess að kerfið fengi ekki staðist í frjálsri samkeppni við tryggingafræðilega rétt kerfi. Ef saman störfuðu hlið við hlið lífeyrissjóðir með núverandi fyrirkomulagi og sjóðir, sem væru með tryggingafræðilega rétt reiknuð iðgjöld gagnvart hverjum og einum og einstaklingar gætu frjálst fært sig á milli sjóða, væru núverandi lífeyrissjóðir nauðbeygðir til þess að breyta reglum sínum til samræmis við tryggingafræðilegt réttlæti. Ástæðan er einföld. Ungt fólk hlyti að leita á vit þeirra sjóða sem lofuðu ungu fólki hærri lífeyri fyrir hverja iðgjaldskrónu og stefna að því að færa sig til hefðbundnu sjóðanna um miðjan aldur. Karlar hlytu að ganga í þá sjóði sem veittu þeim meiri rétt fyrir sama iðgjald. Þeir einstaklingar sem ekki hafa fjölskylduskuldbindingar hlytu að flykkjast í þá sjóði sem ekki gerðu tilkall til þess að þeir tækju þátt í framfærslu maka og barna. Ef hver hluti sjóðfélaganna sæi sér leik á borði að bæta hag sinn með því að víkja sér undan því að standa undir kostnaði vegna annarra yrði þunginn meiri á þeim sem eftir stæðu og þannig ykist þrýstingurinn á það að fleiri færu að fordæmi þeirra og áfram koll af kalli. Þeir sjóðir sem byggðu á félagslegri samhjálp sætu þá eftir með það fólk sem tryggingafræðilega er dýrast miðað við iðgjöldin. Með frjálsu vali einstaklinga um lífeyrissjóðsaðild væri félagslegu samhjálpin þannig rutt úr vegi og allir lífeyrissjóðir neyddir til þess að breyta reglum

sínum þannig að hver einstakur þáttur standist tryggingafræðilega. Ákvörðunin um frjálst val á sjóðsaðild væri því um leið ákvörðun um afnám réttar hópsins til þess að taka sameiginlega á. Valfrelsi um lífeyriskjör væri úr sögunni. Alvarlega væri þrengt að samningsréttinum.

Er það stefna frjálshyggjumanna að ríkið eitt megi ástunda félagslega samábyrgð

Þessum vandræðum gæti lífeyrissjóðakerfið auðvitað svarað með því að leita á náðir ríkisvaldsins og fara fram á það að það taki að sér verkefnið, því af einhverjum ástæðum virðist það ýmsum sem kenna sig við frjálshyggju þekkilegra að ríkið sjái um hlutverkið en að samtök einstaklinga gangist fyrir félagslegri samhjálp. Það samrýmist illa hefðbundinni frjálshyggju að búa svo um hnútana að félagslegri samábyrgð sé úthýst og hún forboðin alls staðar nema hjá því opinbera. Hvað sem því líður er það mín skoðun að lífeyrismálin séu betur komin í höndum samningsaðila en í einum stórum potti hjá ríkinu. Sú afstaða byggir í fyrsta lagi á þeirri skoðun að loforð lífeyriskerfisins verði að byggja á traustari grunni en loforðum stjórnámálmanna einna. Í öðru lagi tel ég sveigjanleikan meiri ef kerfið er í höndum aðila vinnuarkaðarins en ríkisvaldsins og ákvarðanir allar nær jafnt þeim sem greiða til kerfisins og þeirra sem njóta greiðslna frá því.

Lífeyriskerfið hefur tilgang

Það má ekki gleymast að mikilvægasta valið í lífeyriskerfinu er að veja réttindakerfið. Lífeyriskerfið hefur tilgang. Það varð til vegna þess að samstaða náðist um að bæta stöðu aldraðra, eftirlifandi maka og barna og tryggja einstaklingnum tekjur við örorku. Það skiptir því öllu að réttindafyrirkomulagið sé í samræmi við almennan vilja.

RÉTTINDAÁVINNSLA Í LÍFEYRISSJÓÐI

Í dag er kerfi lífeyrissjóðanna þannig að í ýmsum grundvallaratriðum er vikið frá réttum tryggingafræðilegum viðmiðunum. Hér verður fjallað um helstu atriðin.

Ungur/gamall.

Sama iðgjaldagreiðsla gefur sama ellilífeyrisrétt óháð aldri greiðandans. Sé greiðandi ungur getur lífeyrissjóðurinn ávaxtað greiðsluna í lengri tíma og hefur þar með tryggingafræðileg rök fyrir því að greiða hærri lífeyri út á greiðsluna en vegna eldri greiðanda.

Miðað við gjaldskrá Óskalífeyris Samlífs má gera ráð fyrir því að einstaklingur fæddur árið 1960 fengi 36-38% hærri greiðslu við 70 ára aldur en einstaklingur fæddur árið 1945 ef báðir greiddu sömu fjárhæð til tryggingafélagsins í dag. Sá fyrri er í dag 33 ára gamall og fjárhæðin yrði því á vöxtum hjá tryggingafélaginu í 37 ár en sá síðari er 48 ára og fjárhæðin yrði því á vöxtum í 22 ár. Í þessum útreikningi er miðað við 2% raunvexti en hærri vaxtaviðmiðun mundi auka á muninn.

Tvítugur maður 1300% meira en sjötugur

Ef við berum saman réttindaávinnslu tvítugs karls og sjötugs kemur í ljós að fyrir sömu greiðslu fengi sá tvítugi við ellilífeyrisaldur rúmlega 225 % hærri greiðslu en sá sjötugi og 140 % hærri greiðslu en sá sem er sextugur sé miðað við 2 % ávöxtun.

Væri miðað við 5 % ávöxtun fengi hann hins vegar nærri 1300 % meira en sá sjötugi og nærri 700% meira en sá sextugi.

Frávik frá tryggingafræðilegu réttlæti er meðvitað

Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir var reglunni um sama rétt fyrir sömu greiðslu óháð aldri ætlað að treysta stöðu þeirra sem voru komnir á miðjan aldur og áttu stutt eftir á lífeyrisaldur og höfðu stuttan tíma til þess að ávinna sér rétt í lífeyrissjóði. Þegar almennu lífeyrissjóðirnir á vettvangi Alþýðusambandsins voru stofnaðir hafði þessi regla þegar náð að festa sig í sessi hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna og öðrum þeim sjóðum sem þá voru sstarfandi. Reglan er einföld og auðveld í útreikningi og hefur það án efa stuðlað að almennri notkun hennar.

Það er óhjákvæmilegt að bæta því við að í almennu lífeyrissjóðunum er eitt mikilvægt atriði enn sem þessu tengist og raskar hinu tryggingafræðilega réttlæti. Það er sú regla að lífeyrissjóðsiðgjald 30 tekjuhæstu árin gefur rétt sem með einföldun má segja að gefi vegna hvers árs gefi lífeyrisrétt svarandi til 1,8% tekna á árinu en iðgjöld vegna ára þar umfram gefa aðeins 0,9%. Þannig er meðvitað flutt frá þeim sem hafa heilsu, úthald og aðstöðu til að vera lengi á vinnumarkaðinum yfir til þeirra sem hafa styttri starfstíma á vinnumarkaði.

Karl 28% meira en kona

Dánarlíkur karla eru nokkru meiri en kvenna og ævilíkur kvenna að sama skapi meiri. Einstaklingur fæddur árið 1945 karlkyns sem í dag greiddi ákveðna fjárhæð til tryggingafélags fengi sem eingreiðslu við 70 ára aldur m.v. gjaldskrá Óskalífeyris 8% hærri fjárhæð en jafn gömul kona. Karl fæddur árið 1960 fengi m.v. sömu forsendu 9% hærri greiðslu. Á ellilífeyrisaldrinum hefur hærri dánartíðni karla einnig sín áhrif þannig að væri eingreiðslunni breytt í mánaðarlegan lífeyrir fengi karlinn sem fæddur var árið 1945 26 % meira en konan og karlinn sem fæddur var árið 1960 28 % meira.

Þrátt fyrir mismunandi ævilíkur njóta bæði kynin sama lífeyrisréttar í lífeyrissjóðunum. Þótt tryggingafræðileg rök séu fyrir öðru hefur því verið alfarið hafnað að breyta þessari reglu.

Ævilíkur hópa og einstaklinga eru mismunandi

Ævilíkur hinna ýmsu hópa eru mismunandi. Flókið getur verið að gera líkurnar upp hóp fyrir hóp og enn flóknara ef meta ætti hvern einstakling. Ef á annað borð er gerður munur á skilgreinanlegum hópum er hins vegar tæplega rökrétt að afmarka það tillit við karla og konur.

Fjölskylduaðstæður.

Sumir einstaklingar eiga börn aðrir ekki. Sumir eiga maka aðrir ekki. Í lífeyrissjóðakerfinu er öllum gert að greiða sama framlag til þess að standa undir kostnaði við makabætur og barnabætur óháð fjölskylduaðstæðum. Þessi félagslega samtrygging er meðvitað viðleitni til jöfnunar innan hópsins sem að lífeyrissjóðnum stendur.

Örorka.

Innan hvers lífeyrissjóðs greiðir hver einstaklingur sama framlag til þess að standa undir kostnaði sjóðsins við örorkubætur. Áhætta einstakra hópa er auðvitað mismunandi. Innan hvers lífeyrissjóðs hafa menn hins vegar valið að jafna áhættunni á

sjóðfélaganna. Þau sjónarmið hafa raunar oft verið uppi innan lífeyrissjóðakerfisins að eðlilegt gæti verið að yfirfæra þennan þátt yfir til almannatryggingakerfisins. Þar hefur hins vegar ekki verið vilji til að axla þennan kostnað og sjóðirnir haft fulla samstöðu um að víkja þessum örrygispætti ekki frá sér.

Hluti heildarkjara.

Lífeyrissjóðirnir eru afrakstur kjarasamninga milli verkalýðsfélaga annars vegar og samtaka atvinnurekenda hins vegar. Þótt hluti lífeyrisiðgjaldsins sé greiddur af atvinnurekenda er litið á allt iðgjaldið sem hluta launa. Atvinnurekendur eiga aðild að stjórn sjóðanna eins og áður sagði væntanlega fyrst og fremst til þess að tryggja að rekstur og fjármunameðferð sé eins og best verður á kosið og að fjármuninum sé ekki varið til óskyldra verkefna. Breytingar á reglum sjóðanna verða að hljóta samþykki beggja samningsaðila. Bæði þegar upphaflega var samið um lífeyrissjóðina og síðar þegar samið var um að greitt skyldi af öllum launum var framkvæmdinni dreift yfir fjögurra ára tímabil því launafólk var ekki reiðubúið að taka svo stóran hlut af kauphækkunarsvigrúminu í einu stökki. Við þá samningsgerð var launafólkið fullkomlega meðvitað um að þessar úrbætur í lífeyriskjörum hefði það eins getað tekið út í kauphækkun eða öðrum kjarabáttum. Atvinnurekendur hafa á sama hátt gert sér fulla grein fyrir því að ekki skipti neinu fyrir heildarútgjöldin hvort greiðslan heitir iðgjald í lífeyrissjóð vegna starfsmanns eða laun.

Sama fjárhæð til allra í stað veikindaréttar

Það verður einnig að hafa í huga að í samningum eru ýmis önnur félagsleg ákvæði þar sem hópurinn deilir áhættu. Þar má nefna veikindarétt sem samkvæmt kjarasamningum er óháður veikindalíkum. Þar væri með hliðstæðum hætti gengið á samningsréttinn ef hver einstaklingur ætti rétt á því að fá í sínar hendur fjárhæð sem næmi meðalkostnaði atvinnurekanda vegna veikinda og væri frjálst að velja sér veikindatryggingu. Þeir sem eru með meira en meðaláhættu gætu ekki tryggt sig fyrir þá fjárhæð.

Fólk á rétt á því að velja í kjarasamningum þann rétt sem það helst vill

Það kemur tæplega til álita að gera neinar ráðstafanir sem útiloka að einstaklingarnir geti í kjarasamningum valið það réttindakerfi sem þeir sjálfir ákveða. Það þarf sterk rök til þess að ryðja samningsréttinum burt og hvað lífeyrismálin áhrærir bendir flest til þess almennur vilji standi á bak við það réttindakerfi sem sjóðirnir byggja á.

Frjálst val um ráðstöfun viðbótariðgjalds

Valfrelsi einstaklingana hlýtur samkvæmt því sem að framan er rakið óhjákvæmilega að afmarkast við ráðstöfun viðbótariðgjalds umfram umsamið mark. Valfrelsið mun afmarkast við val milli aðila sem styðjast við tryggingafræðilega réttar forsendur. Markaðurinn mun ryðja öðrum aðilum úr vegi. Þótt líklegt sé að frjálsa kerfið verði miðað við heildareign nokkru dýrara en almenna lífeyriskerfið er það ásættanlegt því tækifæri gæfist til þess að laga réttinn beint að einstaklingsþörfum og koma til móts við óskir fólks um fjölbreytni og valfrelsi.

Lífeyristryggingar yrðu þannig annars vegar með samningsbundnu fyrirkomulagi á grundvelli umsamins iðgjalds og hins vegar samkvæmt frjálsri ákvörðun hvers og eins á grundvelli viðbótariðgjalds.

Skattlagning lífeyrissjóða

Í lífeyrissjóðakerfinu er það meginreglan að 4% iðgjaldshlutinn sem dreginn er af launamanni er skattlagður en lífeyrisiðgjöld að öðru leyti skatt frjáls. Lífeyririnn er síðan allur skattskyldur þegar að greiðslu hans kemur.

Samkvæmt gildandi reglum er öllum heimilt samkvæmt eigin ákvörðun að greiða iðgjald umfram það sem samningsbundið er til séreignasjóða. Einnig getur verið um að ræða viðbótar iðgjaldgreiðslur atvinnurekenda samkvæmt samningum eða eins og hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum framlög atvinnurekenda umfram iðgjöld til að tryggja stöðu sjóðanna. Sé viðbótariðgjaldið eða framlagið greitt af atvinnurekanda er það í dag frádráttarbært frá skatti. Hvað snertir skattlagningu lífeyrisiðgjalds blasir þannig við sú sérkennilega staða að 4% iðgjaldshluti launamanns er skattlagður fyrst við iðgjaldsgreiðslu og síðan aftur við útborgun lífeyris en öll önnur iðgjöld og greiðslur til sjóðanna eru skattfrjáls. Skatturinn kemur þannig þyngst niður gagnvart þeim sem eru réttindaminnstir.

Félagslegt kerfi sem grunnur/ tryggingafræðilega rétt kerfi sem viðbót

Við undirbúning kjarasamninga hafa oft verið til umræðu hugmyndir um viðbótariðgjald. Því er ekki ólíklegt að samningar af því tagi verði gerðir á komandi árum. Einnig er sennilegt að á einstökum vinnustöðum verði í vaxandi mæli gerðir samningar um viðbótarlífeyrisiðgjald og að einstaklingar muni semja um viðbótargjald. Ekki ættu að þurfa að verða deilur um slíka þróun.

Kerfin tvö : hin félagslega samtrygging og hinn tryggingafræðilega viðmiðun munu því ef að líkum lætur standa í góðri sátt hlið við hlið. Félagslega kerfið væri þá grunnur og það tryggingafræðilega rétta kæmi síðan sem viðbót.

Staðan í Danmörku

Í Danmörku voru fyrst gerðir almennir kjarasamningar um lífeyrissjóði á vettvangi verkalýðsfélaganna árið 1991. Fram að því átti almennt verkasfólk í Danmörku sitt undir almannatryggingakerfinu og séreignasjóðum sem aðeins mættu þörfum takmarkað auk þess sem þeir voru mun dýrari í rekstri en bæði þeir lífeyrissjóðir sem þar eru starfandi og þeir lífeyrissjóðir sem reknir eru hér á Íslandi. Í Danmörku var samið um skylduaðild að ákveðnum lífeyrissjóðum án þess að komið hafi upp tortryggni um að með því væri gengið gegn lögum og mannréttindum.

FORTÍÐARVANDI LÍFEYRISSJÓÐANNA

Í úttektum tryggingafræðinga á stöðu lífeyrissjóða á síðasta áratug blasti við alvarlegur fjárhagsvandi. Flestir lífeyrissjóðir virtust stefna í óhjákvæmilegt gjaldþrot. Fyrstu starfsárin var verðtrygging óheimil og vextir héldu ekki í við verðbólgu. Sjóðirnir rýnuðu óhjákvæmilega af þeim sökum. Þá tóku lífeyrissjóðirnir að sér árið 1976 að verðtryggja ekki aðeins greiðslur til sjóðfélaga heldur einnig greiðslur til þess fólks sem naut réttar samkvæmt lögum en hafði ekki eða lítið greitt til lífeyrissjóðs. Ennfremur fóru ævilíkur vaxandi. Þrátt fyrir allt þetta var lífeyrisiðgjöldum haldið óbreyttum. Innan samtakanna á vinnumarkaði var mikið um þennan vanda rætt. Skerðing réttinda var torveld í framkvæmd þar sem ljóst var að þannig mundi enn aukast sá mikli munur sem við blasti á réttindum fólks á almennum vinnumarkaði annars vegar og opinberra starfsmanna hins vegar. Það var ekki heldur auðvelt að ná samkomulagi um að auka iðgjöldin. Því var mikilvægt að aðstaða gæfist til samræmdar heildarendurskoðunar þar sem allir tækju á sínum vanda samtímis. Frá 1976 hafði

starfað sérstök lífeyrisnefnd hagsmunaaðila og stjórnvalda með það að markmiði að koma heildarsamræmi á lífeyrissjóðakerfið. Sú nefnd skilaði af sér árið 1987 og án þess að efni nefndarálitsins verði gerð skil hér er rétt að nefna að þar voru gerðar tillögur um samræmdar réttindaávinnsflureglur þar sem kveðið var skýrt á um skyldu hvers sjóðs til þess að sjá til þess að sjóðurinn sé á hverjum tíma í stöðu til þess að standa við skuldbindingar sínar og að öllum skuldbindingum sé mætt með iðgjöldum. Ýmsar kröfur voru gerðar til starfsemi sjóðanna í því lagafrumvarpi sem nefndin samdi. Þó frumvarpið væri loks lagt fram á Alþingi árið 1990 hafa hvorki ríkisstjórnir eða þingmenn treyst sértil þess að taka það til umfjöllunar. Ástæðan er trúlega fyrst og fremst sú að ýmsir forustumenn opinberra starfsmanna og hugsanlega þá einnig Alþingismenn og ráðherrar voru tregir til þess að láta það koma fram á skýran og opinn mælikvarða hver umframkostnaður við lífeyrisrétt þeirra er með því að umreikna hann í iðgjald sem greiðist samhliða ávinnslu réttindanna.

Skert réttindi og há ávöxtun

Starf lífeyrissjóðanefndarinnar skilaði því ekki þeim árangri sem að var stefnt. Stjórnvöld settust á niðurstöðurnar og sitja þar enn. Það hefur þannig um nokkurn tíma verið ljóst að ekki kæmi til ytri aðstoð heldur yrðu sjóðirnir einir að takast á við sinn vanda. Það hafa almennu sjóðirnir nú gert með því að skerða nokkuð maka og örorkulífeyrisréttinn frá því sem áður var, jafnframt því sem horfið var frá að miða verðtryggingu réttindanna við laun og verðtryggingin í staðinn miðuð við lánsklaravísitölu sem er sá verðtryggingargrunnur sem sjóðirnir sjálfir byggja ávöxtun sína á. Meiru skiptir þó að undanfarin ár hefur ávöxtun sjóðanna verið langt umfram það sem tryggingafræðilegar forsendur þeirra gera ráð fyrir og efnahagur þeirra hefur þess vegna snarbatnað.

Góð staða flestra stærri lífeyrissjóða

Í dag má trúlega fullyrða að stærri sjóðirnir hafi með þessum aðgerðum flestir náð að loka gatinu og staða þeirra sé orðin sæmilega traust alla vega þegar tillit hefur verið tekið til þess að þeir hafa nú þegar tryggt sér ávöxtun verulega umfram viðmiðunarforsendur hefðbundinna útreikninga. Þetta kemur skýrt fram í nýjustu skýrslu Bankaeftirlitsins sem unnin er úr ársreikningum lífeyrissjóðanna fyrir árið 1992. Lífeyrissjóður sjómanna virðist standa verst af stóru sjóðum ASÍ félaganna. Það er ekki að undra þegar tekið er tillit til þess að réttindakjör hans eru sjóðfélögum mun hagstæðari en almennt gildir um sjóðina. Þau réttindi eru ákveðin með lögum. Þegar lögum var breytt þannig að sjómenn fengu rétt til að fara 60 ára á lífeyri, hefðu þeir verið 25 ár á sjó, voru engar ráðstafanir gerðar til þess að treysta stöðu sjóðsins, iðgjaldið er áfram 10% eins og hjá öðrum sjóðum. Fyrir var í reglum sjóðsins að almenn taka lífeyris gæti hafist við 65 ára aldur en aðrir ASÍ sjóðir miða við 70 ár. Þó ávinnsla sé heldur hægari en hjá öðrum sjóðum er þetta ákvæði ótvírætt íþyngjandi fyrir sjóðinn. Sjómenn hafa ítrekað gert kröfu til þess að ríkisvaldið bæti úr vanda sjóðsins en loforð þar um voru á sínum tíma talin forsenda lagabreytinganna þegar 60 ára viðmiðunin kom í lögin. Væntanlega verður ekki dregið mikið lengur að taka reglugerð sjóðsins til heildarendurskoðunar.

Ávöxtunardómurinn og frumkvæði Bankaeftirlitsins

Þó að mestu hafi því ræst úr vanda ASÍ sjóðanna eiga þó einstakir þeirra í erfiðleikum. Sumir þeirra hafa þegar gert ráðstafanir til þess að bæta stöðu sína með því að endurskoða réttindaákvæðin og ganga til samstarfs við aðra til þess að draga úr rekstrarkostnaði. Ýmsir þeirra munu líklega verða að ganga lengra. Það vekur til

umhugsunar að nýgenginn dómur í svonefndu Ávöxtunarmáli gerir Bankaeftirlitið ábyrgt fyrir því að þeir aðilar sem eftirlitsskyldan tekur til séu í stöðu til þess að standa við skuldbindingar sínar. Bankaeftirlitinu er því varla stætt á öðru en grípa beint inn gagnvart þeim sjóðum sem ekki hafa greiðsluhæfi, hugsanlega gera ráðstafanir til þess að stöðva innborganir í þá eða alla vega senda frá sér ótvíræða aðvörun um stöðu viðkomandi sjóðs.

Vandinn er á vettvangi opinberu sjóðanna

Áfallnar skuldbindingar umfram höfuðstól eru í dag yfir 100 milljarðar króna hjá lífeyrissjóðum hins opinbera ef álykta má út frá skýrslu Bankaeftirlitsins. Þar blasir því við stórfelldur vandi. Sá vandi bætist við annan skuldavanda hins opinbera sem lögum samkvæmt er ábyrgt fyrir greiðslum sjóðanna. Það er ótrúlegt hve opinberir starfsmenn virðast áhyggjulausir vegna þessarar miklu skuldar.